

## Fundargerð

Símafundur var haldinn í skipulags- og bygginganefnd Tjörneshrepps fimmtudaginn 7. nóvember. Þáttakendur Katý Bjarnadóttir, Jónas Jónasson 2. vm. og Steinþór Heiðarsson, sem ritaði fundargerð.

Gengið var til dagskrár og tekið fyrir eina dagskrármálið, erindi frá Emil Jóni Sigtryggssyni, fyrir hönd eigenda jarðarinnar Steindals. Óskað var eftir a) stofnun 7452 m<sup>2</sup> lóðar kringum íbúðarhúsið í Steindal, b) að lóðinni verði skipt út úr landi Steindalsjarðarinnar og c) að lóðin fái heitið Kirkjudalur.

Umsókninni fylgdi hnitsettur uppdráttur, dagsettur 4. apríl 2019.

Liðir a) og b) voru samþykktir samhljóða. Liður c) var samþykktur með atkvæðum Jónasar og Katýar gegn atkvæði Steinþórs.

Skipulags- og bygginganefnd leggur til við sveitarstjórn að umsóknin verði samþykkt.

Katý Bjarnadóttir

Jónas Jónasson

Steinþór Heiðarsson